

AUGLÝSING

229

18. des.

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu,
nr. 106 frá 31. október 1931.

4. gr. verði þannig:

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta á 5—10 ára fresti. Sýslunefndin skipar fyrir um undirbúning og samning á markaskránni og lætur prenta hana.

Sýslunefndin ákveður í hvert sinn, sem markaskrá er prentuð, hvað greiða skuli fyrir hvert eyrnamark og brennimark, sem birt verður í skránni. Hrökkvi það gjald ekki fyrir kostnaðinum, greiðist það, sem til vantar, úr sýslusjóði.

Skýlt er hverjum markeiganda að láta prenta mörk sín þegar markaskrá er prentuð.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

230

18. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst
1926, samanber reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg frá og með 1. janúar 1944 og til ársloka það ár. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, samanber reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.